



Við upphaf skólaárs

Verzlunarskólinn var settur í 109. sinn miðvikudaginn 21. ágúst síðastliðinn. Ekki var annað að merkja en að talsverð eftirvænting hafi ríkt meðal eldri nemenda að hefja nám að nýju og nýnemar skólans voru þrúðir að vanda. Skólinn verður þétt setinn í vetur og þessa önn munu 1252 nemendur stunda nám við skólann í 49 bekkjum. Samsetning og fjöldi nemenda í bekkjardeildum er eftirfarandi:

Bekkur	Fjöldi nemenda	Fjöldi stúlkna	Fjöldi pilla
3. (1. námsár)	312	189 (61%)	123 (39%)
4. (2. námsár)	344	206 (60%)	138 (40%)
5. (3. námsár)	318	174 (55%)	144 (45%)
6. (4. námsár)	278	154 (55%)	124 (45%)
Samtals:	1252	723 (58%)	529 (42%)

Undanfarin misseri hefur töluverð umræða skapast um breytt starfsumhverfi kennarans með aukinni tækni og tækjaeign nemenda, ábyrgð nemenda á eigin námi og notkun tölvu í námi og kennslu. Þrátt fyrir að nemendur séu almennt vel að sér í notkun samskiptamiðla og verji drjúgum tíma á ýmiss konar upplýsingaveitum hefur skólastarfið mikið til verið bundið við bókina enda hefur skort aðgengilegt námsefni á rafrænu formi. Ýmislegt bendir til að breytingar séu í vændum varðandi rafræna útgáfu og því full ástæða til þess að fara vandlega yfir hvar skólinn stendur í þessum málum. Síðastliðið ár var nefnd að störfum innan skólans sem hafði það að leiðarljósi að kynna sér hvort og þá hvernig mætti nýta tölvu- og upplýsingatækni með markvissum hætti til þess að auka fjölbreytni í kennsluháttum og færni nemenda í tölvustuddu námi. Niðurstaðan var að mikið sóknarfæri er í nýta þá fjölmörgu möguleika sem nýjungar í tækni og hugbúnaði veita til tölvustudrar kennslu. Nýnemarnir munu verða fyrstir til þess að finna fyrir breyttum áherslum og fengu þeir skilaboð um að æskilegt væri að þeir hefðu góðan aðgang að fartölvu í vetur til þess að koma með í skólann. Ef þannig ber við er hægt að fá lánaða fartölvu á bókasafni skólans þá tíma sem á þarf að halda.

Metnar einingar

Nemendur í 3. bekk sem lokið hafa framhaldsskólaáföngum fá þá metna hafi þeir fengið 7 eða hærra. Eina undantekningin er stærðfræði en þar þurfa nemendur að þreyta stöðupróf. Verzlunarskólinn er ekki aðili að Innu og því mikilvægt að nemendur fái staðfest yfirlit um þær einingar sem þeir hafa lokið frá framhaldsskólanum sem þeir tóku próf frá. Skila þarf einkunnayfirlitinu til Hrafnhildar Guðmundsdóttur áfangastjóra eða á skrifstofu skólans fyrir 4. september.



Bókasafn

Bókasafn Verzlunarskólans er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur skólans og alla þá sem við hann starfa. Nemendur eru hvattir til þess að nýta sér mjög góða aðstöðu safnsins til náms og frekari fróðleiks. Bókasafnið er opið mánudaga – fimmtudaga 08-19, föstudaga 08-16 og laugardaga 13-17. Bókasafnið verður opið á foreldravöldinu og eru foreldrar og forráðamenn hvattir til þess að heimsækja safnið sem er á 4. hæð og kynna sér aðstöðu þess.



Fundur með foreldrum og forráðamönnum nýnema

Miðvikudaginn 4. september nk. klukkan 20:00 verður foreldrum og forráðamönnum boðið til fundar í Bláa sal (hátiðarsal) skólans. Dagskráin verður með hefðbundnu sniði og mun skólastjóri fara yfir ýmis atriði sem lúta að námi við skólann. Að því loknu mun forseti Nemendafélagsins segja frá félagslífi nemenda við skólann.

Skólastjórnendur, námsráðgjafi, forvarna- og félagslífsfulltrúi og fulltrúi nemenda munu sitja við pallborð og svara fyrirspurnum úr sal. Að fundi loknum mun umsjónarkennari hvers bekkjar taka á móti foreldrum og forráðamönnum í kennslustofu og afhenda lykilorð að upplýsingakerfi skólans. Athugið að ekki er um einkaviðtöl að ræða, þau verða í upphafi næstu annar.

Nýnemavika

Vikuna 2. – 6. september munu eldri nemendur skólans bjóða nýnema velkomna í skólann með sínum hætti. Lögð er áhersla á að leikur og gleði verði alls ráðandi. Eins og undanfarin ár líkur vikunni með því að farin verður sólarhrings ferð sem skemmtinefnd Nemendafélagsins skipuleggur og stýrir, undir handleiðslu starfs-



fólks. Þar sem nýnemar eru ekki sjálfráða þurfa þeir upplýst samþykki foreldra/forráðamanna fyrir þessari ferð. Nú ættu flestir nýnemar að hafa komið heim með samning sem varðar ferðina til undirritunar. Þær ferðir sem farnar hafa verið hafa heppnast einstaklega vel og gerum við ráð fyrir að svo verði einnig nú.